



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 31/2010

Skráning og notkun Stoðtækjafræðings ehf. á lénnum og slagorði

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi Stoðar ehf. þar sem kvartað er yfir notkun Stoðtækjafræðings ehf. og Arnar Ólafssonar á lénunum stoð.is og stodt.is og slagorðinu „Ég styð við þig“ með bréfi, dags. 7. desember 2009. Telur Stoð notkun Arnar á framangreindum lénnum og slagorði brjóta gegn ákvæðum 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. einnig 5. og 6. gr. laganna. Því eru gerðar þær kröfur að Neytendastofa banni notkun lénanna og slagorðsins og að Erni verði gert að afskrá lénin. Þá er þess krafist að lagðar verði stjórnvaldssektir á Stoðtækjafræðing, sbr. 22. gr. laga nr. 57/2005.

Í bréfinu kemur fram að Stoð hafi sérhæft sig í stoðtækjasmíði frá árinu 1982. Örn Ólafsson stoðtækjafræðingur sé einn af stofnendum fyrirtækisins. Árið 2007 hafi verið gerður nýr ráðningarsamningur við Örn, þar sem var sérstakt samkeppnisákvæði, sem kvað á um að Erni væri óheimilt, beint eða óbeint, að fara í samkeppni við Stoð, nema með skriflegri heimild stjórnar félagsins, í sex mánuði eftir að hann léti af starfi hjá Stoð. Örn sagði upp starfi sínu hjá Stoð þann 30. nóvember 2008. Meðan Örn var enn á launum hjá Stoð og samkeppnisákvæði samningsins enn í gildi, tók Örn þátt í útboði í spelkur fyrir Tryggingastofnun ríkisins í samkeppni við Stoð og fékk það verk með frávíkstilboði, en frávikið snerist um upphafstíma verksins þannig að Örn fengi að byrja verkið eftir að samkeppnisákvæðið hefði runnið sitt skeið, að því er virðist til þess að reyna að komast hjá samkeppnisákvæði ráðningarsamningsins. Stoð kærði útboðið og með úrskurði komst kærufnd útboðsmála að þeirri niðurstöðu að Ríkiskaupum hafi verið óheimilt að taka tilboði Arnar.

Örn hafi verið tekinn af launaskrá þegar ljóst var að hann var að brjóta samkeppnisákvæði ráðningarsamningsins og höfðaði hann mál fyrir héraðsdómi til heimtu þeirra launa. Héraðsdómur hafnaði kröfum hans alfarið með dómi 27. apríl 2009.



Þannig hafi bæði héraðsdómur og kærunefnd útboðsmála staðfest að Örn hafi beitt ólögmatum aðferðum í samkeppni við Stoð. Þessi atvik séu ekki til frekari skoðunar í því máli sem hér sé til úrlausnar, en nauðsynlegt sé að reifa þau þar sem þau varpi ljósi á forsögu málsins og tengsl málsaðila.

Eins og áður segi hafi Stoð starfað á stoðtækjamarkaði frá árinu 1982. Heiti félagsins í hlutafélagaskrá sé Stoð hf. – Stoðtækjasmíði. Stoð fékk skráð lén með nafni fyrirtækisins árið 1997 en sökum þess að lén geti ekki innihaldið íslenska stafi varð lénnafnið eðli málsins samkvæmt að vera stod.is. Stoð hafi notað vefinn frá árinu 1997 og æ meira eftir því sem Internetið hafi orðið öflugra markaðs- og samskiptatæki í viðskiptum. Á heimasíðunni sé að finna nauðsynlegar upplýsingar um Stoð og þær vörur (hjálpertæki) sem fyrirtækið sé með til dreifingar og þá þjónustu sem Stoð bjóði upp á, s.s. göngugreiningu, þjónustu við innlegg o.fl.

Nýlega virðist Örn hafa sett á fót heimasíðu til að kynna þjónustu sína sem stoðtækjafræðingur og afla viðskipta fyrir starfsemi sína. Honum sé að sjálfsögðu frjálst að stunda sína atvinnugrein, eftir að sá tími sem tiltekinn var í ákvæði ráðningarsamnings hans um samkeppnisbann var liðinn. Örn og aðrir aðstandendur síðunnar hafi hins vegar í lénnafni sínu kosið að nota nafn Stoðar, sem hafi í tæpa þrjá áratugi unnið að því að afla sér trausts og góðrar viðskiptavildar á umræddum markaði. Fyrirtækið sem standi að síðunni virðist vera félagið Stoðtækjafræðingur ehf. og hafi fengið lénið skráð hjá skráningaraðila léna á Íslandi, ISNIC, í desember 2008. Stoð hafi a.m.k. þrjár alvarlegar athugasemdir við síðuna og það sem komi fram á henni.

Í fyrsta lagi hafi Stoðtækjafræðingur fengið lén sitt skráð á þann hátt að slái notandi inn nafn Stoðar auk endingarinnar .is, þ.e. slái inn lénið stoð.is, færist notandinn sjálfkrafa inn á heimasíðu Stoðtækjafræðings, sem skráð er með lénið stodt.is. Skráning léns með nafni Stoðar hafi því þann eina tilgang að færa notandann yfir á heimasíðuna stodt.is. Stoð telur augljóst að slík skráning brýtur gróflega gegn rétti Stoð og fari gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005.

Í 1. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sé aðila bannað að nota firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt í atvinnustarfsemi, sem hann hefur ekki rétt til. Þá sé í 2. másl. lagt bann við að nota auðkenni, sem sá er notað það á tilkall til, ef hann notar það á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni, sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Ákvæði þessu hafi margoft verið beitt í ákvörðunum Neytendastofu og áður samkeppnisráðs, og á síðustu árum ekki síst vegna óheimillar notkunar lénnafna.

Stoð sé félag sem hefur verið starfandi frá árinu 1982 og átt skráð lénið stod.is frá árinu 1997. Nokkur eftirmáli hafi orðið af uppsögn Arnar sem Stoð hafði fullan sigur í fyrir dómstólum og kærunefnd útboðsmála. Örn virðist þó enn ætla að nýta sér þá góðu viðskiptavild sem Stoð hafi búið sér á markaði með því að nota nafn félagsins í heimildarleysi.



Af hálfu Stoðar er aðallega byggt á því að Stoðtækjafræðingur, eða Örn, hafi engan rétt til notkunar nafnsins Stoð. Notkun á nafninu með skráningu lénsins stoð.is, sem tengt sé við lénið stodt.is, sé því með öllu óheimil í skilningi 1. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Að mati Stoðar sé um að ræða gróft brot þar sem nafni Stoðar sé ekki einu sinni breytt eða það stælt, svo sem flestar ákvarðanir Neytendastofu á þessu sviði fjalla um, heldur sé nafnið notað að öllu leyti óbreytt sem lénnafn. Eðli málsins samkvæmt verði ruglingshættan varla meiri og er með öllu óþarft að veða og meta hljóð- og sjónlíkingu eða hversu tengd starfsemi fyrirtækjanna er. Hér sé um sama nafn að ræða, nafn Stoðar sé notað óbreytt í lénnafni Stoðtækjafræðings sem vel að merkja starfi á sama markaði. Því sé um að ræða keppinaut á markaði fyrir stoðtækjaþjónustu, sem noti nafn Stoðar óbreytt í lénnafni sínu. Að mati Stoðar eigi Stoðtækjafræðingur engan rétt til nafnsins Stoð. Því eigi 1. másl. 15. gr. a. við um þetta tilvik.

Verði Stoðtækjafræðingur talinn eiga einhvern rétt til notkunar nafns Stoð er á því byggt til vara að 2. másl. 15. gr. a. eigi við. Engum blöðum sé um það að fletta að Stoðtækjafræðingur noti nafn Stoðar á þann hátt að veruleg ruglingshætta sé á því að sá sem ætli inn á heimasíðu Stoðar lendi inni á heimasíðu keppinautarins Stoðtækjafræðings. Af þeim sökum sé notkun nafnsins óheimil og beri að leggja bann við henni.

Af forsögu aðila málsins og augljósrar þekkingar Stoðtækjafræðings og Arnar á notkun Stoðar á nafni sínu í gegnum tíðina má að mati Stoðar vera ljóst að lénið stoð.is er ekki skráð í góðri trú, heldur sé því ætlað að laða að sér viðskiptavinum Stoðar og beina þeim yfir á þjónustu Stoðtækjafræðings og Arnar.

Í öðru lagi telur Stoð að Stoðtækjafræðingi sé ekki heimilt að nota lénið stodt.is þar sem ekki sé nægilegt til aðgreiningar að bæta við stafnum „t“ aftan við lénnafn Stoðar. Um þetta megi vísa til fjölmargra ákvarðana Neytendastofu. Augljóst sé bæði þegar litið sé til hljóð- og sjónlíkingar, sem og starfsemi fyrirtækjanna, að ruglingshætta sé mikil.

Þau sjónarmið sem Neytendastofa hafi litið til við úrlausn þess háttar mála eru fyrst og fremst þau, hvort það lén sem skráð er síðar valdi ruglingshættu við lén sem skráð var áður. Hefur í því sambandi ekki verið talið nægja að breyta orði í fleirtölu, þar sem slíkt sé ekki nægilegt til aðgreiningar frá léni sem fyrr var skráð. Þá hafi heldur ekki verið talið nægilegt að bæta greini við það lénnafn sem fyrr var skráð. Slíkt hafi ekki verið talið duga til að útrýma ruglingshættu og því verið talið óheimilt í skilningi 15. gr. a.

Af hálfu Stoðar er aðallega byggt á því að Stoðtækjafræðingur hafi engan rétt til umrædds léns og því eigi við 1. másl. 15. gr. a. þegar af þeirri ástæðu og vegna þess hversu mjög lénið líkist léni Stoðar sé honum óheimil notkun lénsins.



Verði hins vegar talið að Stoðtækjafræðingur eigi einhvern rétt til lénsins stodt.is byggir Stoð á 2. máls. sama ákvæðis. Við úrlausn málsins beri því að meta hvort ruglingshætta sé fyrri hendi. Viðskiptavinir og aðrir neytendur þekki vel fyrirtækið Stoð og nafn þess. Við mat á því hvort ruglingshætta sé fyrir hendi hafi verið litið til víxlverkandi tveggja þátta, sbr. m.a. ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 18/2006 „Kvörtun Haga ehf. yfir notkun firmanafnsins Hagar hf“. Annars vegar beri að meta lénin tvö út frá sjón- og hljóðlíkingu og hins vegar út frá starfsemi fyrirtækjanna og hvort þau séu keppinautar. Í tilvitnaðri ákvörðun komi fram að eftir því sem starfsemi aðilanna er skyldari því minni kröfur séu gerðar til sjón- og hljóðlíkingar og öfugt. Þegar sjón- og hljóðlíking er veruleg hefur verið talið nægilegt að báðir aðilar noti nöfnin í atvinnustarfsemi almennt, til þess að um ruglingshættu sé að ræða.

Í því máli sem hér um ræði sé í fyrsta lagi um verulega sjón- og hljóðlíkingu að ræða. Einungis hafi stafnum „t“ verið bætt aftan við nafn Stoðar til þess að mynda lénnafn Stoðtækjafræðings. Úr þessu verði reyndar lénnafn sem erfitt sé að bera fram á íslensku, og falli alls ekki vel að íslenskri málnotkun, og af þeim sökum verði hljóðlíking enn meiri. Miðað við ákvörðun nr. 18/2006 þyrfti þá ekki að gera miklar kröfur til skyldleika þeirrar starfsemi sem um ræddi, svo ruglingshætta yrði talin veruleg. Hér sé hins vegar um að ræða sömu starfsemi, þ.e.a.s. sá sem kynnir þjónustu sína á stodt.is rekur sams konar þjónustu og sá sem notað hefur lénið stod.is um árabíl. Stoð telur ruglingshættuna liggja í augum uppi og krefst þess að Stoðtækjafræðingi verði bönnuð notkun lénsins, þó svo að búið væri að aftengja það léninu stodt.is, og honum verði gert að afskrá það.

Í þriðja lagi telur Stoð að notkun Stoðtækjafræðings á slagorðinu „ég styð við þig“ sé óheimil. Stoð hafi um árabíl notast við slagorðið „Við styðjum við þig“ í starfsemi sinni. Með hliðsjón af öllu því sem fram hefur komið verði ekki dregin önnur ályktun en sú að Örn og Stoðtækjafræðingur hyggist líkja eftir sem flestu í framsetningu Stoðar í því skyni að reyna að nýta sér viðskiptavild Stoðar. Auk þess sem áður hefur fram komið megi sjá að vefsíða Stoðtækjafræðings sé í sama bláa litnum og Stoð hefur notast við um langt skeið, auk þess sem hann ætli að nota slagorð sem líkist slagorði Stoð eins mikið og unnt sé, til þess að auka ruglingshættuna.

Ákvæði 15. gr. a. taki til firmanafns, verslunarmerkis „eða því um lík[s]“, sem sá hefur ekki rétt til er notar. Stoð telur engum vafa undirorpið að Stoðtækjafræðingur eigi engan rétt á umræddu slagorði. Slagorðið sé hins vegar augljóslega eftirgerð á slagorði Stoðar og slíkt fari gegn ákvæði 15. gr. a. Í því sambandi verði einnig að skoða háttsemi Stoðtækjafræðings í heild sinni og úrskurða þær markaðsaðgerðir sem felist í stofnsetningu léns með nafni Stoðar og eftirgerð á slagorði fyrirtækisins, andstæðar framangreindu ákvæði.



Verði notkun slagorðsins ein og sér ekki talin brjóta gegn 15. gr. a. byggir Stoð á því að slík eftirgerð á slagorði Stoðar brjóti í bága við góða viðskiptahætti og sé jafnframt ósanngjörn gagnvart honum. Notkun Stoðtækjafræðings á slagorðinu „Ég styð við þig“ fari þannig gegn 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Stoðar var sent Stoðtækjafræðingi og Erni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 18. desember 2009. Svar barst með bréfi, dags. 6. janúar 2010. Í bréfinu er fallist á gagnrýni Stoðar vegna lénsins stoð.is og segir að tengsl milli lénanna hafi verið rofin. Hins vegar sé rétt að benda á að nokkur fyrirtæki beri nafnið Stoð og hafi gerð það lengi. Þá sé stoð órjúfanlegur hluti af nafni allra stoðtækjafræðinga þar sem starfsheitið byggi beinlínis á orðinu stoð og þar með stuðningi og því að styðja við.

Um lénið stodt.is segir að lénnafnið séu fyrstu fjórir stafir í nafni fyrirtækisins og vísa alls ekki til Stoðar stoðtækjasmíði, verðfræðistofunnar Stoðar, pallaleigunnar Stoðar né annarra fyrirtækja sem beri nafnið Stoð. Því er þess krafist að fyrirtækið haldi léninu.

Orðin stoð, stuðningur og það að styðja séu órjúfanlegur hluti af starfsheiti og starfssviði allra stoðtækjafræðinga enda hafi þessi orð verið notuð frá upphafi hjá öllum stoðtækjafræðingum hér á landi. Stoðtækjafræðingur mótmæli því tilburðum eins fyrirtækis til að eignast sér orðin „ég styð við þig“. Að styðja við sé grunnstef stoðtækjafræðinnar og stoðtækja og því óeðlilegt að eitt fyrirtæki geti eignað sér þessi orð, því vinna allra stoðtækjafræðinga gangi beinlínis út á að styðja við „þig“.

2.

Bréf Stoðtækjafræðings var sent Stoð til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. janúar 2010. Svar barst með bréfi, dags. 21. janúar 2010. Í bréfinu segir að þegar léninu stoð.is sé slegið upp komi ekki lengur upp lénið stodt.is heldur stöðluð síða fyrirtækisins Netvistun þar sem fram komi að lénið stoð.is sé hýst hjá Netvistun. Lénið hafi hins vegar ekki verið afskráð, heldur sé það enn skráð á nafn Stoðtækjafræðings hjá ISNIC. Til þess að Stoð verði gert kleift að skrá lénið þurfi Stoðtækjafræðingur að afskrá lénið, eða Neytendastofa að mæla fyrir um afskráningu þess. Fyrr hafi brot Stoðtækjafræðings ekki verið leiðrétt.

Samkvæmt upplýsingum frá ISNIC sé þeim sem reyni að skrá lénið stoð.is, og lénið stodt.is er þegar skráð, sjálfkrafa bent á að Stoð hf. sé réttthafi lénsins stodt.is og því geti skráning lénsins



III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Stoð hf. yfir skráningu og notkun Stoðtækjafræðings ehf. á lénunum stoð.is og stodt.is auk þess sem kvartað er yfir notkun slagorðsins „Ég styð við þig“. Að mati Stoðar brýtur skráning og notkun framangreindra léna gegn ákvæðum 15. gr. a. laga nr. 57/2005 og notkun framangreinds slagorðs gegn ákvæðum 15. gr. a., sbr. 5. og 6. gr., sömu laga.

Af hálfu Stoðtækjafræðings hefur verið fallist á það að tenging af vefsíðu stoð.is inn á vefsíðu stodt.is geti valdið ruglingi. Hins vegar fallist fyrirtækið ekki á að afskrá lénið. Þá er því hafnað að notkun lénsins stodt.is sem séu fyrstu stafir í firmanafni félagsins geti talist brot gegn lögnum, eða notkun slagorðsins enda sé orðin stoð, stuðningur og það að styðja órjúfanlegur hluti af starfsheiti og starvarsviði allra stoðtækjafræðinga.

2.

Í 5. gr. laganna er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði V. kafla, svo sem 15. gr. a. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glögg sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri samkeppnislaga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni



að í 2. máls. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Í erindi Stoðar er vísað til 6. gr. laga nr. 57/2005. Ákvæðið felur í sér ýmsar reglur er varða auglýsingar. Í 1. mgr. ákvæðisins er um það fjallað að auglýsingar skuli skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla. Í 2. mgr. er um það fjallað að auglýsingar megi ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum. Í 3. mgr. er um það fjallað að auglýsingar sem höfða eigi til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku. Þá er í 4. mgr. um það fjallað að fyrirtæki skuli geta sannað fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum þeirra. Neytendastofa fær ekki séð að framangreind ákvæði eigi við um þann ágreining sem uppi er í máli þessu. Þá hefur af hálfu Stoðar ekki verið færð rök fyrir því hvernig ákvæðið eigi við. Ákvæði 6. gr. laga nr. 57/2005 kemur því ekki til frekari álita í máli þessu.

3.

Kvörtun Stoðar er þrjúþætt þar sem kvartað er yfir skráningu og notkun lénanna stoð.is og stodt.is og notkun slagorðsins „Ég styð við þig“. Verður þú farið yfir hvern hluta kvörtunarinnar fyrir sig.

3.1.

Í fyrsta lagi er kvartað yfir skráningu og notkun lénsins stoð.is. Stoð hf. hefur átt skráð firmanafnið Stoð frá 8. nóvember 1982 og lénið stod.is frá 20. maí 1997. Stoðtækjafraeðingur hefur átt skráð lénið stoð.is frá 10. desember 2008. Hvorugur aðili á auðkennið skráð sem vörumerki hjá Einkaleyfastofu. Að mati Neytendastofu eiga báðir aðilar tilkall til auðkenna sinna og því kemur til álita ákvæði 2. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Lénnöfnin stod.is og stoð.is eru í raun eitt og sama lénnafnið með og án íslenskra sérstafa. Aðilar eru keppinautar á markaði og því telur stofnunin ljóst að ruglingshætta milli lénanna sé mikil. Lénið stoð.is hafði þann eina tilgang að flytja þann sem slær upp lénið á vefsíðu Stoðtækjafraeðings, stodt.is. Við meðferð málsins var tenging lénanna þó afnumin. Sé léninu stoð.is nú slegið upp koma því eingöngu upp skilaboð um að vefsvæðið sé hýst hjá Netvistun.

Með vísan til framangreinds er það mat Neytendastofu að skráning og notkun Stoðtækjafraeðings á léninu stoð.is brjóti gegn ákvæði 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

3.2.

Í öðru lagi er kvartað yfir skráningu og notkun lénsins stodt.is. Eins og áður segir hefur Stoð átt skráð lénið stod.is frá 20. maí 1997. Stoðtækjafraeðingur hefur átt skráð lénið stodt.is frá 10. desember 2008. Lénnafn beggja aðila vísa til firmanafna þeirra án íslenskra sérstafa. Að mati



Neytendastofu eiga báðir aðilar tilkall til auðkenna sinna og því kemur ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 til álitá.

Lénnöfnin stod.is og stodt.is eru óneitanlega lík þar sem í lénnafni Stoðtækjafraeðings hefur eingöngu stafnum „t“ verið bætt aftan við lénnafn Stoðar. Að mati Neytendastofu er orðið stoð, sem lénnafnið stod.is vísar til, almennt og lýsandi fyrir starfsemi beggja aðila. Almenn orð og orðs sem eru lýsandi fyrir starfsemi aðila geti ekki notið einkaréttar. Því verður aðili sem kys að auðkenna vöru eða þjónustu sína með orðum sem eru almenn eða lýsandi fyrir starfseminá að hlíta því að keppinautur notist við lík orð.

Neytendastofa telur Stoð ekki geta notið einkaréttar á orðinu stoð og því er að mati stofnunarinnar ekki ástæða til að banna Stoðtækjafraeðingi notkun á léninu stodt.is.

3.3.

Í þriðja lagi er kvartað yfir notkun á slagorðinu „Ég styð við þig“. Stoð hafi um árabil notast við slagorðið „Við styðjum þig“ m.a. á vefsíðu félagsins og slagorð Stoðtækjafraeðings sé eftirgerð á slagorði Stoð.

Í erindi Stoðar er rakið að félagið telji notkun Stoðtækjafraeðings á slagorðinu varða við ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Verði hins vegar talið að notkun slagorðs ein og sér geti ekki fallið undir ákvæðið er vísað til þess að notkun þess varði við ákvæði 5. og 6. gr. laganna. Af hálfu Stoðtækjafraeðings er því ekki hafnað að ákvæði 15. gr. a. eigi við um notkun slagorðsins. Eins og áður hefur komið fram getur ákvæði 15. gr. a. komið til fyllingar vörumerkjarétti. Slagorð geta hlotið skráningu vörumerkis hjá Einkaleyfastofu og notið þeirra verndar sem vörumerkjalog veita. Því telur Neytendastofa ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 geta átt við um notkun slagorðsins.

Báðir aðilar hafa notast við slagorð sín á vefsíðum félaganna þó Stoð hafi notast við slagorð sitt í lengri tíma en Stoðtækjafraeðingur. Að mati Neytendastofu eiga báðir aðilar tilkall til slagorða sinna og því kemur ákvæði 2. másl. 15. gr. a. til álitá.

Neytendastofa telur ljóst að slagorð aðila eru mjög lík, þar sem bæði vísa til þess að stutt sé við þann sem slagorðið beinist að. Það eina sem greinir slagorðin að er að slagorð Stoðar er í þriðju persónu en slagorð Stoðtækjafraeðings í fyrstu persónu. Með vísan til forsögu málsins og þess að Örn, sem nú rekur Stoðtækjafraeðing, starfaði um árabil hjá Stoð er ljóst að Stoðtækjafraeðingi var full kunnugt um slagorð Stoðar. Að mati Neytendastofu hefur í máli þessu verið sýnt fram á að slagorð Stoðtækjafraeðings er eftirgerð á slagorði Stoðar og til þess fallinn að valda ruglingi á félögunum. Neytendastofa telur notkun Stoðtækjafraeðings á slagorðinu „Ég styð við þig“ brjóta gegn ákvæðum 5. gr. og 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.



4.

Í erindi Stoðar er þess krafist að lögð verði stjórnvaldssekt á Stoðtækjafræðing vegna skráningar og notkunar á lénunum og notkunar á slagorðinu. Að teknu tilliti til umfangs brotsins og aðstæðna, eins og þeim háttar í máli þessu, er að mati Neytendastofu ekki ástæða til álagningar stjórnvaldssekta á Stoðtækjafræðing fyrir framangreind brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Stoðtækjafræðingur ehf., Ásholti 2, Reykjavík, hefur með skráningu og notkun lénsins stoð.is og með notkun slagorðsins „Ég styð við þig“ brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Stoðtækjafræðingi ehf. notkun lénsins stoð.is og slagorðsins „Ég styð við þig“. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Skal félagið innan þess tíma afskrá lénið hjá ISNIC.

Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 11. júní 2010

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir